



Umsögn

Til: Svæðisskipulagsnefndar
Frá: Jón Kjartan Ágústsson
Efni: Kársnes – skipulagslýsing – umsögn - svæðisskipulag
Dags: 3. júní 2024

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar dags. 16. maí 2024 um ofangreint. Um er að ræða skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 vegna nýs rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði ÞR-1 ásamt aðliggjandi svæðis á vestanverðu Kársnesi.

Í fyrirliggjandi umsögn eru teknar saman helstu áherslur sem varða svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015-2040 m. síðar breytingum ásamt öðrum atriðum sem skipulagsyfirvöld eru hvött til að kynna sér nánar.



Vinstri: Afmörkun svæðis skv. skipulagslýsingu. Miðja: Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 br. 2018. Hægri: Frumdragaskýrsla Borgarlínu – tillaga að legu.

Sáttmáli um samgöngur á höfuðborgarsvæðinu

Samgöngusáttmáli ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður 26.09.2019 en nú er unnið að undirbúning þess að uppfæra sáttmálann og gera viðauka við hann en gert er ráð fyrir að slíkur viðauki verði tilbúinn til undirritunar vorið 2024. Skipulagssvæðið nær yfir legu Borgarlínu um Bakkabraut / Borgarholtsbraut sem þarf að taka tillit til við áframhaldandi útfærslu skipulagstillagna.

Stofnstígar hjólréiða – samgöngusáttmáli frh.

Samkvæmt áætlun um forgangsroðun uppbyggingu stofnleiða hjólréiða 2020 – 2033 sem Vegagerðin og samráðshópur sveitarfélaga um uppbyggingu stofnstígs hjólréiða á höfuðborgarsvæðinu hefur unnið, er gert ráð fyrir lagningu stofnleiðar fyrir hjólandi meðfram Bakkabraut og suður eftir strandlengju Kársnes. Einnig gerir stofnstíganetið ráð fyrir svokallaðri tengileið hjólréiða meðfram Borgarholtsbraut austur til Hamraborgar. Útfærslur hópsins voru leiðbeinandi en koma til útfærslu í skipulagsvinnu sveitarfélagsins



Stofnstíganet höfuðborgarsvæðisins skv. tillögum verkefnahóps.


Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 m. síðari br.

Skipulagssvæðið er skilgreint sem *samgöngu- og þróunarsvæði* svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Skipulagsákvæði sem varða téð svæði koma helst fram í markmiði 1.2 í svæðisskipulagi, þar sem segir m.a.:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Meginþunga vaxtar verður beint á miðkjarna og önnur samgöngu miðuð þróunarsvæði. Hlutfall íbúðabyggðar á þeim svæðum vaxi úr 30% í 66% af allri borgarbyggðinni og að fyrrgreind svæði verði lykilsvæði fyrir uppbyggingu blandaðrar byggðar, verslun og þjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Í svæðisskipulagi koma fram viðmið um einkenni slíkra svæða eins og almenningssamgöngur hafi forgang í gatnakerfi og hágæða umhverfi skuli vera fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur, sjá. töflu 2 bls. 36, sem sveitarfélögum er ætlað útfæra og afmarka nánar í aðalskipulagi og eftir tilfellum deiliskipulagi. Telja má að framlögð tillaga samræmist ofangreindum markmiðum svæðisskipulags.



Skjáskot úr Mannlíf, byggð og bæjarrými: leiðbeiningar um sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur í þéttbýli (2023)

Umsögn

Í fyrirbyggjandi samantekt hefur verið stiklað á stóru á helstu skipulagsákvæðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins 2015 – 2040 og áherslum samgöngusáttmála. Ekki verður séð að framlög skipulagslýsing gangi gegn markmiðum svæðisskipulags né samgöngusáttmála en bent er á að huga þarf að ýmsum atriðum er varða aðbúnað Borgarlínu og stofnnet hjólandi á deiliskipulagsstigi og þegar hönnun og framkvæmdir hefjast

Þá er bent á að svæðisskipulagsnefnd og Skipulagsstofnun hafa gefið út leiðbeiningarnar Mannlíf, byggð og bæjarrými: sjálfbært skipulag og vistvænar samgöngur¹, sem geta nýst við áframhaldandi skipulagsvinnu.

Virðingarfyllst,

Jón Kjartan Ágústsson

Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

¹ <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/skipulag-og-honnun-baejarryma/>